



Alþingi  
Erindi nr. P 137/707  
komudagur 14.8.2009

LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS  
(The Icelandic Midwives' Association)  
Stofnað árið 1919

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 14. ágúst 2009

**Efni: Umsögn og athugasemdir um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn**

Ljósmæðrafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn og gerir við það eftirfarandi athugasemdir.

Í heildina litið vantar, að mati Ljósmæðrafélagsins, tilvísun í reglugerð er útlistar starfssvið löggiltra heilbrigðisstétta, sjúklingum og samfélagi til tryggingar um heilbrigðisþjónustu byggða á gagnreyntri þekkingu, án oflækninga. Í því sambandi er 23. greinin um hófsemi við veitingu heilbrigðisþjónustu fagnaðarefni.

Þar sem löggin eru óneitanlega mjög almennt orðuð, er brýnt að vandað verði til reglugerðasmíða þeim tengd. Það eru eindregin tilmæli Ljósmæðrafélags Íslands að sett verði í reglugerðir lögverndað starfssvið ljósmæðra sem og annarra heilbrigðisstétta (sbr. 10. gr.), sérfræðileyfi í ljósmóðurfræðum (sbr 7., 8. og 9. gr) og að í reglugerð verði kveðið á um sérfræðiráð ljósmæðra, Ljósmæðraráð, sem m.a. sé umsagnaraðili um veitingu sérfræðileyfa (sbr. 8. gr.) og er byggt á hefð og eldri lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Ljósmæðrafélags Íslands

Guðlaug Einarsdóttir, formaður